

kröfu hans, ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá greiðsludegi, þ. e. 17. júlí 1967, til greiðsludags. Samtals nemur því fjárhæð sú, sem samkvæmt framansögðu telst rétt að greiða sækjanda af uppboðsandvirði umrædds skips, kr. 11.921.00.

Málkostnaðar hefur ekki verið krafizt af hvorugs aðilja hálfu í máli þessu, og verður því ekki úrskurður felldur um hann.

Því úrskurðast:

Greiða ber sækjanda, Gunnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, kr. 11.921.00 auk 7% ársvaxta af kr. 5.000.00 frá 17. júlí 1967 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1969.

Nr. 66/1969. **Bjarnfríður Leósdóttir**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Bæjarstjóra Akraneskaupstaðar

f. h. bæjarsjóðs

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1969. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 21.162.33 með 8% ársvöxtum af kr. 4.562.00 frá 1. nóvember 1967 til 1. desember 1967, af kr. 9.124.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, af kr. 12.142.24 frá þeim degi til 1. febrúar 1968, af kr. 16.292.32 frá þeim degi til 1.

marz 1968, af kr. 20.819.32 frá þeim degi til 1. apríl 1968, af kr. 25.676.32 frá þeim degi til 1. maí 1968, af kr. 29.756.20 frá þeim degi til 1. júní 1968, af kr. 37.162.33 frá þeim degi til 11. október 1968 og af kr. 21.162.33 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti eru aðiljar sam-mála um, að lögskipti þeirra hafi verið háð ákvæðum 7. gr. laga nr. 80/1938. Krafa áfrýjanda verður ekki reist á þeim ákvæðum 5. gr. samnings Verkalýðsfélags Akraness og Vinnuveitendafélags Akraness frá 29. nóvember 1965, sem fjalla um hálf daglaun „fyrir hvern byrjaðan vinnudag“. Eftir öllum atvikum þykir rétt að leggja til grundvallar, að áfrýjandi hafi verið viðbundin vegna starfsins þrjár klukkustundir hvern virkan kennsludag. Ekki er vefengt, að miðað við það nemi tímakaup hennar og orlofsfé samkvæmt kjarasamningum samtals kr. 27.994.12. Upp í þessa fjárhæð hefur stefndi hinn 11. október 1968 greitt kr. 16.000.00. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda mismuninn, kr. 11.994.12, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.994.12 frá 22. ágúst 1968 til 11. október 1968 og af kr. 11.994.12 frá þeim degi til greiðsludags. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar f. h. bæjar-sjóðs, greiði áfrýjanda, Bjarnfríði Leósdóttur, kr. 11.994.12 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 27.994.12 frá 22. ágúst 1968 til 11. október 1968 og af kr. 11.994.12 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Akraness 18. janúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 1968 eftir árangurs-
lausa sáttatilaun, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út-
gefinni 16. ágúst 1968, af Bjarnfríði Leósdóttur frú, Stillholti 13,
Akranesi, gegn bæjarsjóði Akraness.

Dómkröfur stefnanda voru þær í stefnu, að stefnda verði dæmt
að greiða henni kr. 37.182.33 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern
mánuð eða brot úr mánuði af kr. 4.562.00 frá 1. nóvember 1967
til 1. desember s. á., af kr. 9.124.00 frá þeim degi til 1. janúar
1968, af kr. 12.142.24 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr.
16.292.32 frá þeim degi til 1. marz s. á., af kr. 20.819.32 frá
þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 25.676.32 frá þeim degi til 1.
maí s. á., af kr. 29.756.20 frá þeim degi til 1. júní s. á og af kr.
37.182.33 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skað-
lausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Af hálfu stefnda var greitt upp í stefnukröfuna í dómþingi 11.
október s.l. kr. 16.000.00. Við munnlegan málf lutning lækkaði
stefnandi því stefnukröfu sína um þá fjárhæð og vaxtakröfu
samkvæmt því, þannig að hún verður 1% á mánuði af kr. 21.182.33
frá 11. október s.l. til greiðsludags, en að öðru leyti óbreytt, svo
og málskostnaðarkröfur miðað við upphaflega fjárhæð.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum
kröfum stefnanda og henni dæmt að greiða stefnda hæfilegan
málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi gerir þá grein fyrir stefnukröfum, að þær séu
ógreidd vinnulaun vegna kaffihitunar í barnaskóla Akraness á
tímabilinu október 1967 til maí 1968 og orlofsfé af þeim laun-
um. Hún kvaðst hafa byrjað að vinna við kaffihitun í skólanum
um áramót 1966—1967 og hafi hún eingöngu talað við Njál
Guðmundsson skólastjóra um ráðninguna. Starfið var fólgið í
því að hita kaffi fyrir kennara skólans, 23 að tölu, hjúkrunar-
konu og húsvörð, eða samtals 25 manns. Starf hennar hófst
hvern morgun á því að þvo upp bolla frá deginum áður, leggja
á borð og hita kaffi, og skyldi þessu lokið kl. 1030, en þá komu
kennararnir í kaffi, en þeir höfðu stundarfjórðungs kaffihlé. Að
loknum kaffitíma kennara þvoði stefnandi upp á nýjan leik og

hitaði kaffi, er hún lét í hitakönnur og kennararnir drukku í síðdegiskaffitímanum. Stefnandi sagði, að starf þetta hefði venjulega tekið a. m. k. 2 klukkustundir, og þurfti þá að vinna vel.

Stefnandi fékk greiddar kr. 2.000.00 á mánuði fyrir starf þetta, og var greiðsla innt af hendi á bæjarskrifstofunni og úr bæjarsjóði Akraness samkvæmt samþykktum reikningi skólustjóra.

Stefnandi sagðist ekki hafa farið fram á launahækkun veturinn 1967, enda hafi hún ekki ætlað að vera í þessu starfi nema skamma hríð. En þegar leið að vori, kom húsvörður skólans að máli við stefnanda og spurði, hvort hún hefði hug á því að vera áfram í þessu starfi, og ef svo væri, hefði skólastjóri talað um, að hún tæki einnig að sér að þrifa vistarverur kennara, en fyrir það starf var og er greitt samkvæmt uppmælingu í ákvæðisvinnu. Nokkru síðar átti skólastjóri tal við stefnanda og bauð henni umrædd störf. Kvaðst hann vilja bæta henni upp hin lágu laun vegna kaffihitunarinnar á þennan hátt, enda ætti það að vera bæjarsjóði til góðs, þar sem sú, er kaffihitunina annaðist, mundi fremur una hinum lágu launum, ef hún nyti góðra launa vegna annars starfs hjá sama aðilja. Á þessari ráðningu var þó hafður sá fyrirvari, að þar sem ákveðið hefði verið að þjóða ræstingu barnaskólans út frá 1. október 1967, hefðu þeir húsvörður og skólastjóri ekki ráðstöfunarrétt á starfinu nema til þess tíma, er verktaki tæki við því, en húsvörður hefði jafnan ráðið ræstingakonu án íhlutunar bæjaryfirvalda.

Stefnandi annaðist síðan bæði þessi störf í september 1967. Eigi hafði hún sótt um neina hækkun á kaupum fyrir kaffihitunina og vissi ekki til, að nein breyting væri fyrirhuguð á greiðslu kaups fyrir þau störf. En fyrir ræstinguna, sem var um einnar klukkustundar starf á dag, fékk stefnandi greiddar tæplega kr. 4.000.00 fyrir septembermánuð. Eigi varð af því, að verktaki tæki að sér ræstingu í skólanum, en er stefnandi kom til að ræsta hinn 1. október, var önnur kona komin í það starf, og hafði bæjarritari sent hana, án þess að stefnanda væri gert viðvart eða henni sagt upp með fyrirvara, en hún kvað allar aðrar ræstingakonur skólans hafa haldið störfum sínum áfram.

Þegar svo var komið, sagði stefnandi, að skólastjóri og yfirkennari hafi boðið henni, að laun hennar fyrir kaffihitunina skyldu hækka í kr. 3.000.00 á mánuði, og hafi það orðið að samkomulagi, en hún kveðst þó á þessu stigi málsins ekki hafa sett fram kröfur um kauphækkun. Stefnandi fékk síðan greiddar

úr bæjarsjóði kr. 3.000.00 fyrir kaffihitunina í septembermánuði samkvæmt samþykktum reikningi skólastjóra. En þegar stefnandi framvísaði reikningi fyrir kaffihitunina í október sömu fjárhæðar og einnig samþykktum af skólastjóra, fékkst hann ekki greiddur. Stefnandi sagðist hafa tilkynnt skólastjóra þetta og hafi hann ætlað að athuga málið. En eigi varð af því, að hækkun þessi yrði samþykkt, og kveðst stefnandi þá hafa snúið sér til kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness og leitað eftir aðstoð þess. Stefnandi taldi, að stefndi, bæjarsjóður Akraness, mundi greiða umrædda hækkun, enda hafi aldrei verið um annað rætt og kennararnir hafi aldrei verið sammingsaðiljar að kaupi hennar, heldur ráðningu. Stefnandi vann síðan við kaffihitunina allan veturinn til maíloka 1968 án þess að taka laun fyrir. En eins og síðar verður lýst nánar, leitaði formaður kvennadeildar verkalýðsfélagsins, Herdís Ólafsdóttir, eftir því við bæjaryfirvöld, að samið yrði um kaup fyrir kaffihitunina, en án árangurs. Og í framhaldi af því ritaði lögmaður Verkalýðsfélags Akraness f. h. stefnanda bæjarsjóði Akraness bréf, dags. 1. marz 1968, og krafðist greiðslu fyrir kaffihitunina samkvæmt hinum almenna kjarasamningi verkafólks við Vinnuveitendafélag Akraness. Var krafa þessi tekin til meðferðar á fundi bæjarráðs Akraness 4. marz s. á., og var henni synjað. Bæjarstjóri tilkynnti lögmanninum þessi úrslit málsins með bréfi, dags. 8. marz s. á. (dskj. nr. 11). Var þá mál þetta höfðað sem fyrr greinir.

Hafa nú verið raktir málavextir, eins og þeir hafa fram komið í stefnu og aðiljaskýrslu stefnanda, en næst verður lýst að nokkru vitnisburðum og öðrum gögnum, er fram komu undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu.

Vitnið Njáll Guðmundsson skólastjóri staðfesti frásögn stefnanda um ráðningu hennar frá 1. janúar 1967 og kaup, og vann hún störf þessi til loka skólaárs 1967.

Haustið 1967 tók stefnandi einnig að sér störf þessi fyrir sama kaup, kr. 2.000.00 á mánuði, þar sem hún var þá einnig ráðin til að ræsta vistarverur kennara. Vitnið kvaðst þó hafa tekið skýrt fram við stefnanda, að óvissa væri um ráðningu í ræstinguna nema í einn mánuð, september, þar sem fyrir dyrum stæði hag-ræðing í sambandi við ræstingu skólans. Þegar svo önnur kona var ráðin í störf stefnanda við ræstingu með október, kom stefnandi til vitnisins og lét í ljós óánægju sína yfir þessu.

Vitnið sagði, að það og yfirkennari, Þorgils Stefánsson, hafi álitnið, að kaup stefnanda fyrir kaffihitunina væri of lágt, því að

eftir 1. janúar 1967 hafi kaffitíminn síðdegis verið lengdur og löggiltur í 15 mínútur og við það hafi störfin aukizt. Einnig hafi komið í ljós, að sömu störf í sambærilegum skólum væru að miklum mun betur greidd. Hafi því orðið að samkomulagi að fara þess á leit, að kaup stefnanda hækkaði um kr. 1.000.00 á mánuði. Vitnið kvaðst munnlega hafa snúið sér til bæjarritara, Jóns Ben. Ásmundssonar, og mælt til þess, að greiðsla til stefnanda yrði hækkuð, og að hann legði tilmæli um það fyrir bæjarráð Akraness. Vitnið samþykkti síðan reikning stefnanda fyrir septembermánuð að fjárhæð kr. 3.000.00 og fékk hann greiddan úr bæjarsjóði. Vitnið kvaðst hafa tekið fram við stefnanda, að það væri ekki búið að fá samþykki bæjarsjóðs fyrir hækkuninni, en skoða hefði mátt áritun þess á reikninginn sem tilmæli um hækkun, sem það teldi sanngjarna að athuguðu máli, og hefði það ávallt vonað, að bæjarráð samþykkti hækkunina, þar sem starfið hefði alltaf verið vangoldið.

Þegar stefnandi kom með samþykktan reikning fyrir októbermánuð sömu fjárhæðar, var henni synjað um greiðslu úr bæjarsjóði, og um sama leyti var vitninu tilkynnt af bæjarritara, að beiðni um hækkun kaupsins væri synjað. Vitnið kvaðst ekki hafa gert frekari tilraunir til að fá kaup stefnanda hækkað og hún hafi ekki komið með fleiri reikninga til vitnisins, en vann áfram við kaffihitunina til loka skólaárs 1968. Sagðist vitnið þó hafa búið við því, að stefnandi mundi hætta, hvenær sem væri, vegna þessarar synjunar um hækkun kaupsins.

Vitnið sagðist ávallt hafa ráðið konu til kaffihitunar í skólanum að áskildu samþykki bæjarráðs, en húsvörður annaðist ráðningu ræstingafólks. Vitnið sagði, að kennararnir hafi aldrei greitt laun til þeirra, sem annazt hafi kaffihitun í skólanum, síðan það kom að skólanum 1954.

Vitnið Þorgils Stefánsson yfirkennari sagðist ekki hafa haft bein afskipti af ráðningu stefnanda við ræstinguna og ekki átt hlut að ráðningu hennar við kaffihitunina, en því hafi verið kunnugt um þetta og meðmælt því og hafi vitninu og skólastjóra þótt vel fara á því, að sama kona ynni við kaffihitunina og við ræstun herbergja skólastjóra, yfirkennara og kennarastofu. Vitnið sagði, að það hefði vakið gremju þess og skólastjóra, þegar stefnandi missti vinnuna við ræstinguna. Og eftir að vitnið hafði aflað sér vitneskju um það, hvað væri greitt fyrir kaffihitun annars staðar, ¹¹¹ a. í barnaskóla Hafnarfjarðar, hefði það lagt til, að kaup stefnanda yrði hækkað upp í kr. 3.000.00 á mánuði,

þar sem það væri lágt og lægra en annars staðar. Vitnið kvaðst hafa ætlazt til, að bæjarsjóður Akraness greiddi þessa hækkun og aldrei hefði verið rætt um, að kennararnir greiddu hana. Sagðist vitnið þó ávallt hafa gert sér ljóst, að það sem yfirkennari gat ekki gefið bindandi loforð f. h. bæjarsjóðs um hækkun þessa frekar en um aðrar greiðslur. Vitnið taldi, að störfin við kaffihitunina hefðu aukizt frá september 1966, er heimild fékkst til að greiða kr. 2.000.00 á mánuði fyrir þessi störf, og til september 1967 og hafi starfið verið að smáaukast eftir áramót 1967, en þá hafi kennararnir fengið vitneskju um, að þeir ættu rétt til kaffitíma síðdegis. Taldi vitnið, að stefnandi hefði unnið við kaffihitunina um 3 klukkustundir á dag.

Vitnið Herdís Ólafsdóttir frú sagði, að stefnandi hafi leitað til þess sem formanns kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, skömmu eftir að hún fékk synjun á greiðslu hjá bæjarsjóði á fyrrnefndum reikningi, kr. 3.000.00. Vitnið talaði við bæjarritara um málið og síðan bæjarstjóra. Vitnið kvaðst hafa farið fram á, að sérstakur samningur yrði gerður um kaffihitunina, því að verkalýðsfélagið hafi talið það eðlilegt, en teldi lágmarks-laun fyrir starfið kr. 3.000.00 á mánuði.

Bæjarstjóri taldi sig geta mælt með, að greitt yrði fyrir kaffihitunina kr. 2.500.00, en því hafnaði félagið, og urðu frekari tilraunir til að koma á samningi án árangurs. Vitnið kveðst ávallt hafa talið, að hinn almenni kjarasamningur Verkalýðsfélags Akraness gildi um þessa vinnu, og því hafi það tilkynnt bæjarstjóra, að kaup stefnanda við kaffihitunina yrði innheimt samkvæmt hinum almenna samningi verkalýðsfélagsins við vinnuveitendur á Akranesi um hálf dagslaun.

Vitnið sagði, að eigi hafi komið fram í viðræðum þessum við bæjarstjóra, að hann teldi bæjarsjóð eigi aðilja að semja um starf þetta, og vísaði hann ekki á aðra aðilja, er semja bæri við.

Björgvin Sæmundsson bæjarstjóri hefur upplýst, að í október 1965 hafi kennarar barnaskólans farið þess á leit að mega ráða konu til að sjá um hitun kaffisins á kostnað bæjarsjóðs, og töldu þeir sig geta fengið til þess konu fyrir kr. 2.000.00 á mánuði. Bæjarráð samþykkti þá að fela bæjarstjóra að tilkynna skólastjóra, að það samþykkti að greiða kr. 1.500.00 fyrir þetta starf á mánuði og yrðu kennararnir sjálfir að greiða það, sem á vantaði, ef ekki fengist kona til starfsins fyrir þá upphæð. Sams konar afgreiðsla hafi verið á málinu, er greiðsla þessi var hækkuð upp í kr. 2.000.00 frá og með september 1966. Var það kaup

síðan greitt fyrir starf þetta allt skólaárið 1966—1967, einnig stefnanda í máli þessu, sem tók við starfinu 1. janúar 1967. Bæjarstjóri sagði, að reikningur stefnanda fyrir septembermánuð 1967, kr. 3.000.00, hafi verið greiddur af gjaldkera, án þess að hann, þ. e. bæjarstjóri, vissi, en er hann varð var við reikning stefnanda fyrir október, hafi verið synjað um greiðslu hans. Síðar var málið lagt fyrir bæjarráð, sem neitaði að hækka greiðslu fyrir kaffihitunina.

Eftir synjun bæjarráðs kvað bæjarstjóri Herdís Ólafsdóttur hafa talað við sig og óskað eftir því, að samkomulag næðist um greiðslu þessa. Kvaðst hann hafa boðizt til að leitast eftir að fá greiðsluna hækkaða í kr. 2.500.00, ef það mætti verða til að leysa málið. En eftir nokkurn tíma hafi Herdís komið aftur og hafnað þessu tilboði. Bæjarstjóri kvaðst hafa sagt við Herdís, hvort ekki væri eðlilegt, að stefnandi hætti í þessu starfi, þar sem hún fengi ekki þá greiðslu, er hún vildi una við, og að kennararnir leituðu eftir annarri konu í starfið eða þeir greiddu sjálfir mismuninn, ef þeir vildu, að stefnandi héldi starfinu áfram.

Frekari samningaumleitanir fóru ekki fram um framangreinda kaupgreiðslu, en bæjarstjóri sagði það vel geta verið rétt, að Herdís hefði sagt honum, að kaup stefnanda yrði innheimt samkvæmt almennum samningi verkalýðsfélagsins.

Bæjarstjóri taldi, að laun stefnanda hefðu verið gefin upp til skatts eins og aðrar launagreiðslur.

Þá upplýsti bæjarstjóri fyrir dóminum, að bæjarsjóður Akraness færi um kaup og kjör til verkafólks eftir almennum samningi Verkalýðsfélags Akraness, þótt bærinn sé ekki aðili að þeim samningi.

Jón Ben. Ásmundsson bæjarritari kvaðst ekki minnst þess að hafa haft nein afskipti af þessu máli, fyrr en hann sá reikning frá stefnanda, kr. 3.000.00, fyrir októbermánuð, og var hann samþykktur af skólastjóra. Sagðist vitnið þá strax hafa tilkynnt skólastjóra, að eigi væri heimild til hækkunar úr kr. 2.000.00. Ræddi skólastjóri þá um, að hann og yfirkennari teldu réttmætt, að reikningurinn yrði hækkaður. Kvaðst vitnið ekki minnst þess, að málaleitun um hækkunina kæmi fram fyrr.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur byggðar á því, að hún hafi verið starfsmaður stefnda, bæjarsjóðs Akraness, ráðin í starfið af skólastjóra að áskildu samþykki bæjarsjóðs. Það samþykki hafi komið fram í reynd, þar sem hún vann framangreint starf,

án þess að til afskipta bæjarráðs kæmi eða henni sagt upp starfi. Stefnandi hafi og verið á launaskrá bæjarsjóðs, þar sem laun hennar séu árið 1967 samkvæmt launamiða bæjarsjóðs kr. 19.905.36 (dskj. nr. 13). Stefnandi hefur lauslega sundurliðað á dskj. nr. 14 greiðslur þessar, sem allar eru á launamiða taldar greiddar fyrir ræstingu. Komi þá í ljós, að fyrir kaffihitun fær hún greiddar kr. 13.000.00, þvott á þurrkum kr. 1.250.00, en fyrir ræstingu aðeins um mánuð, eins og fram er komið, og auk þess nokkra greiðslu fyrir nefndastörf. Þessu hafi og eigi verið mót-mælt og sé því augljóst, að stefnandi var starfsmaður bæjarsjóðs Akraness, stefnda í máli þessu.

Þegar stefnandi hóf störf við kaffihitunina í september 1967, tók hún einnig að sér að annast ræstingu á vistarverum kennara. Var sú vinna greidd í ákvæðisvinnu samkvæmt sérsamningi. En þegar stefnandi missti þessa vinnu, komu fram tilmæli um hækkun kaups fyrir kaffihitunina í samráði við skólustjóra og yfirkennara, m. a. vegna þess að störfin höfðu aukizt. Og þegar tilmælum um hækkun kaups var hafnað af hálfu stefnda, leitaði stefnandi til stéttarfélags síns, kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, um aðstoð í málinu. Af þess hálfu var stefnda gefinn kostur á sérsamningi um kaffihitunina, en er því var hafnað, ákvað félagið og stefnandi að innheimta kaupið samkvæmt samningi milli Verkalýðsfélags Akraness og Vinnuveitendafélags Akraness um kaup og kjör verkamanna og verkakvænna á Akranesi frá 29. nóvember 1965, en hann hefur verið lagður fram í málinu, dskj. nr. 9. Reisir stefnandi kröfur sínar á 5. og 6. gr. samningsins, en í 5. gr. segir (bls. 12 á dskj. nr. 9): „Fyrir hvern byrjaðan vinnudag greiðist hálf daglaun“ o. s. frv. Kröfur stefnanda byggjast og á 5., 6. og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er óumdeilt, að stefnandi er félagsbundin í kvennadeild Verkalýðsfélags Akraness, sem leitaði eftir sérsamningi við stefnda, en þegar því var hafnað, hafi stefnandi haft lagalegan rétt til að fá greitt kaup samkvæmt gildandi kjarasamningi, meðan ráðningarsamningi var ekki slitið, enda hafi verkalýðsfélagið ekki samþykkt kaup það, sem í boði var, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi, bæjarsjóður Akraness, sé að vísu ekki formlega aðili að fyrrnefndum kjarasamningi, en í framkvæmd fari hann eftir honum, enda hafi bæjarstjóri lýst því yfir í máli þessu, sem fyrr er greint. Í sérsamningi frá 6. nóvember 1964, dskj. nr. 15 í máli þessu, milli bæjarstjórnarinnar á Akranesi og kvænna-

deildar Verkalýðsfélags Akraness um kaup og kjör verkakvenna við ræstingavinnu, ákvæðisvinnu og tímavinnu í skólahúsum bæjarins sé í 5. gr. vísað til almenna samningsins, sem fyrr er nefndur, um kaup og kjör. Sýni þetta ljóslega vilja stefnda til að fara eftir hinum almenna kjarasamningi og megi því telja, að hann hafi gerzt aðili að hinum almenna kjarasamningi í reynd.

Stefndi hefur í málflutningi sínum í fyrsta lagi byggt sýknukröfu sína á aðildarskorti, þar sem stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, bæjarsjóðs Akraness, heldur kennaranna við barnaskóla Akraness. Þeir hafi ráðið stefnanda til starfans fyrir ákveðinn styrk, sem þeir fengu frá bæjarsjóði í þessu skyni. Stefnandi hafi því átt að beina kröfum sínum til kennaranna og eigi því þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda í máli þessu.

Til vara byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að aldrei hafi af hendi bæjarsjóðs verið samþykkt að greiða hærri kaffihitunarstyrk til kennaranna en kr. 2.000.00 á mánuði. Sú fjárhæð hafi ætíð verið til reiðu og tilbúin til greiðslu mánaðarlega hjá bæjargjaldkera til handa stefnanda eða hverjum þeim, sem kennararnir fólu þetta starf hverju sinni. Þegar þau mistök urðu í októbermánuði 1967 að greiða kr. 3.000.00 í kaffihitunarstyrk fyrir septembermánuð, hafi engin beiðni borizt frá kennurum eða stefnanda sjálfri um slíka hækkun, hvað þá að slík hækkun styrksins hafi verið samþykkt. Þegar tilmæli komu fyrst af hálfu kennaranna um hækkun styrksins upp í kr. 3.000.00, var þeim synjað af hálfu bæjarráðs. Hafi stefnandi ekki sætt sig við styrkinn til kennaranna, kr. 2.000.00, sem þóknun fyrir kaffihitunina, þá hafði hún eigi um annað að velja en að láta kennarana sjálfa greiða mismuninn eða hætta störfum.

Í munnlegum flutningi málsins var því haldið fram, að enginn samningur hafi verið til um störf stefnanda, og tilraunir verkalýðsfélagsins til að ná sérsamningi um kaffihitunina hafi ekki tekizt. Enginn til þess bær aðili af hendi stefnda hafi gert neina þá samninga við stefnanda, sem hún geti byggt á kröfu sína um tímakaup með lágmarkstímajölda á dag samkvæmt 5. gr. hins almenna samnings verkalýðsfélagsins við vinnuveitendur á Akranesi. Í fyrsta lagi sé stefndi, bæjarsjóður Akraness, alls ekki aðili að þeim samningi. Og þó að bæjarsjóður fari eftir þeim samningi í öllum venjulegum og almennum atriðum, að því er varðar verkamanna- og verkakvennavinnu, þá þurfi sérsamninga um

mörg störf, sbr. áðurnefndan samning um kaup og kjör við ræstingu í skólum bæjarins. Í öðru lagi eigi þau ákvæði 5. gr. hins almenna kaupsamnings um hálf daglaun fyrir hvern byrjaðan dag ekki við um störf stefnanda, þegar um fasta ráðningu væri að ræða um langan tíma. Ákvæði þetta eigi aðeins við um daglaunamenn og hafi verið sett þeim til hagsbóta.

Í munnlegum flutningi málsins var og af hálfu stefnda mót-mælt sérstaklega vaxtakröfu stefnanda í málinu, hvernig sem málið færi, nema þá frá stefnudegi, og einnig málskostnaðarkröfu hennar, þar sem hún hefði ávallt getað fengið greiddar þær kr. 16.000.00, sem inntar hafa verið að hendi sem fyrr greinir.

Samkvæmt gögnum máls þessa, sem hafa verið rakin hér að framan, verður að telja, að stefnandi hafi verið ráðin í þjónustu stefnda og því starfsmaður hans á þeim tíma, er um getur í málinu. Verður því sú varnarástæða, að um aðildarskort sé að ræða, ekki tekin til greina.

Þegar ágreiningur var kominn upp um kaup stefnanda, var eðlilegt, að hún leitaði til stéttarfélags síns, kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, um aðstoð. Verkalýðsfélagið fór fram á samninga við stefnda um störf stefnanda, kaffihitunina, en samningur tókust ekki.

Í máli þessu krefur stefnandi vinnuveitanda sinn, bæjarsjóð Akraness, um lágmarkskaup samkvæmt gildandi samningi stéttarfélags síns, þar sem það samþykkti eigi fyrri kaupgreiðslu, og telur stefnandi, að hér sé um kröfu samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags að ræða, sem ákvæði 7. gr. laga nr. 80/1938 taki til. Upplýst er í máli þessu, að stefndi, bæjarsjóður Akraness, fer um kaup og kjör verkafólks almennt eftir gildandi samningi Verkalýðsfélags Akraness við Vinnuveitendafélag Akraness. En það er og óumdeilt í málinu, að stefndi er eigi formlegur aðili að þeim samningi, og eigi í ljós leitt, að hann hafi á þessum tíma verið í stéttarfélagi atvinnurekenda. Og þar sem stefnandi hefur eigi fært sönnur á gegn mótmælum stefnda, að hann hafi með öðrum hætti skuldbundið sig til þess að hlíta ákvæðum hins almenna kjarasamnings, eru lögskipti aðilja eigi háð ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags við atvinnurekenda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938. Verða kröfur stefnanda í máli þessu því eigi byggðar á ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags hennar, og þer því þegar af þeim ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð :

Stefndi, bæjarsjóður Akraness, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarnfríðar Leósdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 1. desember 1969.

Nr. 204/1968. **Jón S. Pálmason**

gegn

Kaupfélagi Húnvetninga.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón S. Pálmason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
